

Ár 2022, miðvikudaginn 19. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Björgu Ástu Þórðardóttur, Ástu Björk Eiríksdóttur og Ernu Birgisdóttur.

**Fyrir er tekið málið nr. 12/2022:**

Knattspyrnudeild Breiðabliks og Knattspyrnudeild KR  
gegn  
Knattspyrnudeild Gróttu

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærendur:**

Knattspyrnudeild Breiðabliks, kt. 410284-1389  
Dalsmára 5  
201 Kópavogi  
Fyrirsvarsmaður: Andrés Pétursson

Knattspyrnudeild KR, kt. 591184-0169  
Frostaskjóli 2  
107 Reykjavík.  
Fyrirsvarsmaður: Andrés Pétursson

**Kærði:**

Knattspyrnudeild Gróttu, kt. 700371-0779  
Suðurströnd 8  
170 Seljarnarnes  
Fyrirsvarsmaður: Ólafur Garðarsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 2. október sl. Óskað var eftir greinargerð frá Gróttu sem skilaði greinargerð sinni þann 10. október. Ekki var aflað frekari gagna í málinu.

II.

**Kröfur:**

Kærendur krefjast þess að úrslitum í leikjum kæranda gegn Gróttu á Íslandsmóti í flokki 60 ára og eldri í Fífunni miðvikudaginn 28. september 2022 verði dæmdir Gróttu tapaðir 3:0.

Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda og að úrslit í kærðum leikjum standi.

### III.

#### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærendur lýsa málavöxtum svo að í fyrri umferð Íslandsmóts í flokki 60 ára og eldri fékk kærði leyfi frá öðrum liðum til að nota yngri leikmenn til að geta spilað enda væri kærði í vandræðum með að ná í lið í flokki 60 ára og eldri. Í síðari umferð Íslandsmótsins hafi kærði jafnframt mætt með leikmenn sem ekki náðu 60 ára aldri, nánar tiltekið Einar Jóhannsson (1969) og Davíð Einarsson (1968). Kærði hafi teflt umræddum leikmönnum fram þann 28. september sl. í leik Breiðabliks og Gróttu, sem endaði 1:1, og í leik KR og Gróttu, sem endaði 2:2.

Ekki voru gerðar leikskýrslur í mótinu en er ágreiningslaust á meðal málsaðila að í nefndum leikjum hafi leikmenn undir 60 ára aldri spilað fyrir hönd kærða. Ágreiningur lítur hinsvegar að því hvort kærði hafi fengið samþykki frá öðrum liðum fyrir því að umræddir leikmenn fengu að keppa fyrir hönd kærða í báðum umferðum Íslandsmótsins og þá hvort samþykkið hafi verið veitt gegn því skilyrði að kærði gæti þá ekki unnið mótíð.

Kærendur vísuðu í kæru sinni til 33. gr. laga KSÍ þar sem fram kemur að öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skuli fara fram samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ. Þá vísuðu kærendur til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði vísaði í greinargerð sinni til þess reglugerð KSÍ um knattspyrnumót taki ekki til 60 ára og eldri enda sé í 28. gr. eingöngu fjallað um eldri flokka karla 40 ára og eldri og 50 ára og eldri. Reglugerðin eigi því ekki við um leikmenn og leiki í flokki 60 ára og eldri.

### IV.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag Gróttu hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í leikjum Breiðabliks og Gróttu og KR og Gróttu í Íslandsmóti 60 ára og eldri. Fyrir liggur í gögnum málsins að lið Gróttu var skipað tveimur yngri leikmönnum, annars vegar leikmanni sem fæddur er 1969 og hins vegar leikmanni sem er fæddur 1968.

Samkvæmt grein 17.1 í lögum KSÍ telst kappleikur aðeins gildur að farið sé að lögum og reglugerðum KSÍ. Þá segir m.a. í grein 33.5 í lögum KSÍ að öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skuli fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð um knattspyrnumót. Í IV. kafla reglugerðar knattspyrnumót er fjallað um þau þær reglur sem gilda um knattspyrnumót KSÍ. Er í 28. gr. reglugerðarinnar fjallað um eldri flokka karla 40 ára og eldri, sbr. grein 28.1, og 50 ára og eldri, sbr. grein 28.2. Eru keppnisreglur í báðum flokkum samhljóða að því undanskildu að hlutgengisskilyrðin í flokki 40 ára og eldri miðast við að leikmenn verði að vera 40 ára á almanaksárinu og

eldri til að teljast hlutgengir til þátttöku og í 50 ára flokki verði leikmenn að vera 50 ára á almanaksárinu og eldri. Líkt og kærði bendir réttilega á í greinargerð sinni er ekki sérstaklega fjallað um Íslandsmót karla í flokki 60 ára og eldri í ákvæðinu. Er þó Íslandsmót karla í flokki 60 ára eldri svo eðlislíkt Íslandsmótum í bæði flokki 40 ára og 50 ára og eldri að rétt er að beita nefndu ákvæði um álitamálið. Telst því kærði hafa teflt fram ólöglega skipuðu liði enda tveir leikmenn liðsins óhlutgengnir til þátttöku í mótnu enda voru þeir ekki 60 ára eða eldri á almanaksárinu.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í kærðum leikjum málsaðila á þann veg að kærendum, Breiðablik og KR, eru úrskurðaðir 3-0 sigrar í leikjum liðanna gegn kærða þann 28. september 2022, í Íslandsmóti karla 60 ára og eldri, sbr. 36.1 gr. reglugerðar um knattspyrnumót.

V.

### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Breiðabliks og Gróttu í Íslandsmóti karla 60 ára og eldri, sem leikinn var í Fífunni þann 28. september sl., er breytt og Breiðablik úrskurðað 3-0 sigur í leiknum.

Úrslitum í leik KR og Gróttu í Íslandsmóti karla 60 ára og eldri, sem leikinn var í Fífunni þann 28. september sl., er breytt og KR úrskurðað 3-0 sigur í leiknum.

### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]